

# VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM LÖGFRÆÐINGI

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) leita að **fjölhæfum og reynslumiklum lögfræðingi** til að taka þátt í metnaðarfullu samstarfi sveitarfélaganna. Um nýtt og spennandi starf er að ræða sem styður við margþætt verkefni SSH.

SSH er samstarfsvettvangur þeirra sjö sveitarfélaga sem mynda höfuðborgarsvæðið og vinnur hann markvisst að sameiginlegum hagsmunum þeirra. Samtökin voru stofnuð 1976 og í dag starfa hjá þeim þrír starfsmenn auk utanaðkomandi sérfræðinga og verkefnastjóra.

## Helstu verkefni

- Úttekt og greining á verkefnum og málaflokkum
- Umsagnir um frumvörp og eftirfylgni
- Stjórnun, innleiðing og eftirfylgni verkefna
- Stjórnsýsluleg mótun verkefna á vettvangi SSH
- Samninga- og skýrslugerð ásamt greinaskrifum
- Þátttaka í stefnumótun

## Menntun og hæfniskröfur

- Krafa er um embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Reynsla af vinnu við lögfræðileg málefni
- Þekking og áhugi á málefnum sveitarfélaga
- Gagnrýn hugsun og greiningarhæfni
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Reynsla af verkefnastjórnun og rekstri kostur
- Færni í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæði, framsýni og metnaður

**Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar 2020.**

**Umsókn: ferilskrá og kynningarbréf sendist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).**

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafð störf 1. mars 2020.

Nánari upplýsingar veitir **Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri**, sími 564-1788 & netfang [pallbg@ssh.is](mailto:pallbg@ssh.is).



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Nánari upplýsingar um starfsemi SSH má finna á [www.ssh.is](http://www.ssh.is)